

Námsáætlun í verkgreinum – hönnun og smíði

Kennarar: Haraldur Hrafnsson

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunargleði, samhæfingu hugar, hjarta og handa og mörgum öðrum ólíkum tjáningarleiðum. Með náminu fá nemendur tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákn, tóna, matarmenningu og líkama. Skapandi starf gefur nemendum tækifæri til að virkja og efla ímyndunaraflíð, þjálfast í að leita lausna og taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu. Í skapandi starfi og lausnaleit getur nemandinn haft áhrif á umhverfið og tekið þátt í að móta menninguna. Listir og verkþekking myndar stóran og fjölbreyttan atvinnuvettvang og því er mikilvægt að nemendur nái að tengja námið við þessa atvinnumöguleika. Námið í list- og verkgreinum getur því hjálpað nemendum að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og átta sig á atvinnu- og námstækifærum innan starfs- og listnáms. **List- og verkgreinar skiptast í tónmennt, sjónlistir og sviðslistir. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði.**

Kennt er í 8 vikna lotum, þrisvar sinnum tvær kennslustundir á viku.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsefni	Námsmat
• Trésmíði • Málm-smíði • Glersmíði • Vinnuteikningar • Viðarfræði • Öryggisfræði • Flokkun efna	Nemandi skal í lok lotu geta: • valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki, • gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni, • útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnu teikningu, • lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð, • gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni, • útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.	Frá kennara, bókum og neti	• Leiðsagnarmat • Verkefnamat • Lokamat: Framfarir og verkefni metin í lok námstíma

